



Fundur háskólaráðs 19. desember 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 16.12.2002
Dags: 19.12.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

21/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 19. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Anna Soffía Hauksdóttir, Þórður Harðarson, Davíð Gunnarsson, Hjalti Hugason, Stefán Svavarsson, Ármann Höskuldsson, Þorsteinn Loftsson, María Guðmundsdóttir og Hörður Sigurðsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagðar fram reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, með áorðnum breytingum, 2. útg. desember 2002.
- 1.2 Lögð fram dagskrá sameiginlegs fundar háskólaráðs og borgarráðs 6. janúar 2003.
- 1.3 „Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands, aukið samstarf, verkaskipting eða sameining?“ Greinargerð tekin saman af Nýsi hf. ráðgjafarþjónustu og starfshópi skipuðum fulltrúum skólanna, nóvember 2002.
- 1.4 Lögð fram greinargerð Jóns Erlendssonar vegna tillagna um Upplýsingaþjónustu Háskólans sem komu fram á fundi háskólaráðs 12. desember 2002.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Tillaga um að stjórn Happpdrættis Háskóla Íslands verði skipuð Páli Skúlasyni rektor, Þóri Einarssyni ríkissáttasemjara og Páli Hreinssyni prófessor. Stjórnin verði skipuð til eins árs.
- Samþykkt einróma.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Skipting fjárveitinga innan Háskólans 2003.
Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, gerði rækilega grein fyrir nýju minnisblaði nefndarinnar um útteilingu fjár á árinu 2003, dags. 19. desember 2002, og framlögðum fylgigögnum. Í minnisblaðinu eru endurteknar tillögur nefndarinnar í 16 tölulíðum eins og þær voru lagðar fram á fundum háskólaráðs 5. og 12. desember sl., að undanskilinni tillögu nr. 4 um fé sem lagt verður til hliðar og deilt út til deilda/skora sem eiga í samkeppni við skóla á háskólastigi sem krefjast skólagjalda. Fjármálanefnd leggur nú til að þessi upphæð skuli nema 31,3 m.kr. í stað 30 m.kr. eins og áður var lagt til. Þá eru í minnisblaðinu lagðar fram 17 tillögur til viðbótar.
17. Styrkir og sértekjur raunvísindadeildar í bókhaldi Háskólans verði tvöfaldaðar þegar rannsóknafélag er reiknað út. Síðan verði dregnar frá 15 m.kr. sem er mat á fjárhagslegum ávinningi vegna kennara sem hafa aðstöðu á Raunvísindastofnun.
18. Mótframlag á móti sértekjum í rannsóknalíkanum verði 5% í stað 20% á árinu 2002.

19. Mótframlag á móti innlendum styrkjum verði 40% og mótframlag á móti erlendum styrkjum verði 60%.
20. Framlag á hvern útskrifaðan meistara verði 500.000 kr.
21. Framlag á hvern útskrifaðan námsdoktor verði 1.500.000 kr.
22. Framlag á hvern útskrifaðan doktor sem einungis ver ritgerð verði 750.000 kr.
23. Deildir fái 788,8 m.kr. til rannsókna eða sem svári til 92% af niðurstöðu rannsóknalíkans.
24. Almenn hækkun á milli ára verði 3%.
25. Rekstur fasteigna fái fjárveitingu í samræmi við reiknilíkan þar sem verkefni muni aukast verulega á árinu (Hótel Saga, Háskólabíó, Hagi og Náttúrufræðahús).
26. Framlag í Stúdentasjóð verði áfram 700 kr. á hvern nemanda.
27. Deildir greiði 26.780 kr. á hvern virkan nemanda vegna þjónustu Reiknistofnunar við nemendur, námsráðgjafar, nemendaskrár, prófa, stúdenta-sjóðs og aðstoðar við fatlaða.
28. Nefnd sem ætlað er að stuðla að hagnýtingu hugverka fái 1,5 m.kr. fjárveitingu sem bætt verði við fjárveitingu rannsóknasviðs.
29. Fjárveiting í Rannsóknasjóð hækki úr 85 m.kr. í 100 m.kr.
30. Fjárveiting í Sáttmálasjóð hækki úr 30 m.kr. í 40 m.kr.
31. Fjárveiting í Aðstoðarmannasjóð hækki úr 14 m.kr. í 16 m.kr.
32. Settar verði 29 m.kr. í þróun á nýju nemendaskrárkerfi og óráðstafað.
33. Við gerð fjárhagsáætlana fyrir árið 2003 verði almennt gætt aðhalds og rekstrareiningar geri áætlanir fyrir árið 2003 sem séu innan fjárveitingar.

Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Í umræðunni komu fram athugasemdir við tillögur nr. 4, 8, 11, 17 og 18.

Voru þessar tillögur bornar sérstaklega undir atkvæði, en síðan greidd atkvæði um tillögurnar í heild sinni.

Tillaga nr. 4: - Samþykkt með fjórum samhljóða atkvæðum.

Tillaga nr. 8: - Rektor bar upp svohljóðandi tillögu, er komi í stað tillögu fjármálanefndar: „Upplýsingaþjónusta Háskólans verði ekki lengur hluti af sameiginlegri stjórnslu Háskólans. Rektor verði falið að leita að nýjum rekstrargrundvelli fyrir Upplýsingaþjónustuna innan Háskólans eða utan og leggi fram tillögu um þetta fyrir 1. apríl nk.”
- Samþykkt einróma.

Tillaga nr. 11: - Samþykkt einróma með þeirri breytingu að rektor er falið að ræða við læknadeild um að rannsóknastarfsemi Erfðafræðinefndar verði felld undir læknadeild og að það verði læknadeildar að ákveða hvort nýta eigi hluta af fjárveitingu til rannsókna á sviði nefndarinnar.

Tillaga nr. 17: - Ingjaldur Hannibalsson lagði til f.h. fjármálanefndar að tillagan verði orðuð svo: „Lagt er til að á árinu 2003 verði styrkir og sérteklar kennara sem aðstöðu hafa á Raunvísindastofnun verði metnar til jafns við styrki og sérteklar kennara raunvísindadeildar í bókhaldi Háskóla Íslands. Frá útreiknuðu framlagi til rannsókna eru dregnar frá 15 m.kr. sem er mat á fjárhagslegum ávinningi vegna kennara sem hafa aðstöðu á Raunvísindastofnun.”

- Samþykkt með sex atkvæðum, en tveir voru á móti.

Tillaga nr. 18: - Samþykkt samhljóða.

Þá bar rektor tillögur fjármálanefndar undir atkvæði í heild sinni.
- Samþykkt einróma.

Rektor þakkaði Ingjaldi Hannibalssyni og fjármálanefnd fyrir gott starf við undirbúning tillagna um skiptingu fjárveitinga fyrir árið 2003.

Að atkvæðagreiðslu lokinni var fjallað um með hvaða hætti væri hægt að leggja fram fjárhagsáætlun Háskólans fyrir á árinu svo verja mætti meiri tíma í að ræða áherslur í rekstri skólans.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 15.20.